

Stefna um samstarf við foreldra í Fellaskóla.

Foreldrasamstarf

Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla.

Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Skólar bera ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.

Markmiðið er að hlúa að góðu upplýsingastreymi til forráðamanna og bjóða upp á margskonar fræðslu. Fellaskóli leggur metnað sinn í að stuðla að góðri samvinnu við heimili nemenda á margvíslegum sviðum.

Ráðgjafi foreldra og skóla

Á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar starfar ráðgjafi foreldra og skóla. Ráðgjafinn veitir forráðamönnum nemenda upplýsingar og leiðsögn um samstarf og samskipti við skóla og beitir sér fyrir lausn ágreiningsefna sem upp kunna að koma.

Brúarsmiðir

Hjá Miðju máls- og læsis starfa svonefndir brúarsmiðir. Það eru starfsmenn sem tala pólsku, filippeysku, kúrdísku og arabísku. Markmið brúarsmiða er að byggja brú á milli fjöltyngdra barna og foreldra þeirra sem og starfsmanna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Hlutverk þeirra er:

- Að styðja við íslenskunám barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum.
- Að styðja kennara og starfsmenn SFS í starfi í fjölmennningarlegu umhverfi.
- Að styðja foreldra af erlendum uppruna í samstarfi og samskiptum við skóla.

Sjá nánar á: <https://mml.reykjavik.is/bruarsmidi/>.